FRÉTTABLAÐIÐ
# Atvinnublaðið
Mest lesna atvinnublað Íslands*
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621
*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára
job

## Starf bókara í matvælaráðuneyti



Í matvælaráðuneytinu er laust til umsóknar starf bókara á skrifstofu fjármála. Starfið lýtur að færslu bókhalds, afstemmingu og skýrslugerð ásamt ýmiskonar úrvinnslu úr bókhaldi.

Undir skrifstofuna heyra mál sem lúta að rekstri ráðuneytisins, mannauðsmálum, skjalavistun og miðlun upplýsinga auk þess sem skrifstofan veitir fagskrifstofum ráðuneytisins stoðþjónustu. Þá fer skrifstofan með skiptingu á fjárhagsramma ráðuneytisins og annast framkvæmd og eftirfylgni fjárlaga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Bókari hefur umsjón með bókhaldi matvælaráðuneytisins, en ráðuneytið notar Oracle viðskiptahugbúnað. Helstu verkefni eru merking og skráning reikninga sem og uppgjör og afstemming ýmis konar tengd bókhaldi. Þá sér bókari um móttöku og úrvinnslu reikninga sem berast rafrænt. Ennfremur hefur bókari samskipti við aðrar stofnanir og viðskiptavini varðandi bókhald og sinnir ýmsum verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

### Hæfniskröfur

- **Menntun sem nýtist í starfi.**
- **Reynsla og þekking af færslu bókhalds og afstemmingu nauðsynleg.**
- **Góð kunnátta í töflureikni og færni í helstu notendaforritum nauðsynleg.**
- **Reynsla eða þekking á fjárhagskerfi ríkisins er kostur.**
- **Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfileika og getu til að vinna hratt og vel undir álagi.**
- **Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.**
- **Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.**

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Starfsmenn ráðuneytisins starfa skv. kjarasamningum félags starfsmanna Stjórnarráðsins og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum nr. 464/1996 sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Starfshlutfall er 100%. Sótt er um starfið á **starfatorg.is.**
Umsóknarfrestur er til og með **6. febrúar 2023**.

### Nánari upplýsingar veitir

Benedikt Árnason, ráðuneytisstjóri — **benedikt.arnason@mar.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið



**FSRE**

# FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA OG STAFRÆNNA INNVIÐA

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE) óskar eftir að ráða öfluga og framsýna manneskju í stöðu framkvæmdastjóra fjármála og stafrænna innviða. Við leitum að drífandi leiðtoga sem hefur færni til að leiða metnaðarfullan hóp fagfólks til árangurs. Við bjóðum upp á frábæran vinnustað í stöðugri framþróun og tækifæri til að taka þátt í að auka velsæld og verðmætasköpun í íslensku samfélagi.

Undir svið fjármála og stafrænna innviða falla fjárhagsleg stjórnun og reikningshald, launavinnsla og verkbókhald, rekstur skrifstofu, rekstur og þróun stafrænna innviða og gæða- og ferlamál. Sviðið gegnir stoðhlutverki þvert á FSRE og sinnir jafnframt formlegri skýrslugerð til ytri aðila. Framkvæmdastjóri sviðsins situr í framkvæmdastjórn FSRE og er jafnframt staðgengill forstjóra.

## Helstu menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskipta eða fjármála
- Meistaragráða í fjármálum fyrirtækja eða endurskoðun er kostur
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af fjármálastjórn og stefnumörkun á sviði fjármála
- Reynsla af áætlanagerð, fjárhagslegum greiningum og rekstrar- og verkbókhaldi
- Reynsla af fjármögnun framkvæmda eða eignastýringu er kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og opinberum fjármálum er kostur
- Þekking eða reynsla af stafrænni þróun er kostur

**Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á www.intellecta.is**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 30. JAN**
**Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

Nánari upplýsingar í síma 511 1225:
Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is

intellecta



Móberg: Urban arkitektar - LOOP Architects

## AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

**FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR**

Við hjá FSRE mótum og rekum aðstöðu sem nýtist öllum íbúum landsins með einum eða öðrum hætti. Við önnumst fasteignir og jarðir ríkisins, öflum húsnæðis og stýrum framkvæmdum við breytingar, endurbætur og nýbyggingar.

FSRE heldur utan um stærsta fasteignasafn landsins sem samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða. Við vinnum jafnframt að fjölbreyttum fasteignaþróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, dómskerfi, löggæslu, náttúru og friðlýst svæði.

Hjá FSRE starfa 74 sérfræðingar með breiða þekkingu á sviði fasteignaþróunar, framkvæmda og rekstrar. Við erum spennandi vinnustaður á fleygiferð inn í framtíðina, bjóðum upp á verkefnamiðað vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma. Við leggjum áherslu á að styðja starfsfólk okkar í þekkingaröflun, m.a. í gegnum alþjóðlegt tengslanet. Við bjóðum upp á markvissa stjórnendaþjálfun, brennum fyrir jafnrétti, frábærri vinnustaðamenningu og fjölskylduvænum vinnustað.

**FSRE.IS**

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari




**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# Framkvæmdastjóri

Stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra auglýsir stöðu framkvæmdastjóra félagsins lausa til umsóknar.

Leitað er eftir framkvæmdastjóra sem leiðir og eflir starfsemi SLF, Æfingastöðvarinnar og Reykjadals sumar- og helgarstaðar fyrir fötluð börn. Framkvæmdastjóri vinnur í nánu samstarfi við yfirþjálfara, forstöðumann Reykjadals og annað starfsfólk.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Stjórnun félagsins, stefnumótun og nýsköpun
- Áætlanagerð og daglegur rekstur Æfingastöðvarinnar
- Þróun hæfingar- og endurhæfingarstarfs félagsins
- Þróun á starfsemi Reykjadals
- Umsjón með fjáröflun félagsins
- Samskipti við notendur þjónustu, starfsfólk, stjórn, stjórnvöld og aðra samstarfsaðila
- Ráðning stjórnenda

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Áhugi og virðing fyrir málefnum fatlaðra
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og leiðtogahæfni
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu
- Reynsla af stjórn stefnumótunar, nýsköpunar og breytingastjórnunar
- Framsækni í vinnubrögðum og metnaður til að ná árangri í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð hæfni til að miðla efni í töluðu og rituðu máli
- Traust orðspor

STYRKTARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Æfingastöðin er miðstöð þjónustu og þekkingar að hæfingu og endurhæfingu barna og ungs fólks. Þar starfa 38 starfsmenn, þar af 15 sjúkraþjálfarar og níu iðjuþjálfar við að meta þörf á og veita iðju- og sjúkraþjálfun fyrir börn og fjölskyldur, bæði í formi beinnar íhlutunar, aðlögunar og fræðslu. Æfingastöðin er sjálfstæð heilbrigðisstofnun með þjónustusamning við ríkið og er ekki rekin í hagnaðarskyni. Unnið er eftir gildum fjölskyldumiðaðrar þjónustu með það að markmiði að efla þátttöku og lífsgæði barna með ólíkar þarfir. Í Reykjadal í Mosfellsdal er rekin sumar- og helgardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Þangað sækja um 250 börn og ungmenni ár hvert og eru 70 starfsmenn þar í sumarstörfum en hluti þeirra tekur einnig vaktir yfir veturinn. Nánari upplýsingar má finna á slf.is.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með **7. febrúar nk.**

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, **katrin@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

# LEIKSKÓLAFULLTRÚI ÓSKAST Á FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ GARÐABÆJAR

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf leikskólafulltrúa. Leitað er að framsæknum leiðtoga með skýra sýn. Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir menntun og uppeldi barna og brenna fyrir velferð þeirra í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra.

Í Garðabæ eru starfandi 17 leikskólar, 7 grunnskólar og einn tónlistarskóli. Skólar í Garðabæ mynda samstæða heild sem stuðla að því að jafnræði sé í menntun barna og ungmenna.

Leikskólafulltrúi tekur þátt í innleiðingu á Menntastefnu Garðabæjar. Hann er næsti yfirmaður leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með starfi leikskóla á vegum sveitarfélagsins. Hann ber ábyrgð á faglegri stjórnun, rekstri og samskiptum við leikskóla sveitarfélagsins. Hann vinnur að þróunar- og nýsköpunarverkefnum með skólum og öðrum aðilum sem koma að uppeldi og menntun barna í bænum. Leikskólafulltrúi veitir skólasamfélaginu ráðgjöf og stuðning.

Leikskólafulltrúi vinnur ásamt leikskólanefnd að framtíðarsýn varðandi aðstöðu og aðgengi að leikskólum í sveitarfélaginu í samstarfi við yfirstjórnendur og skólastjóra.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Þátttaka við mótun og innleiðingu á Menntastefnu Garðabæjar
- Umsjón og eftirlit með faglegum og rekstrarlegum þáttum í leikskólum
- Eftirlit með faglegu starfi sjálfstætt starfandi leikskóla
- Umsjón og eftirlit með starfi dagforeldra
- Umsjón með innritun barna í leikskóla
- Stuðlar að þróun og nýsköpun á sviði leikskólastarfs
- Stuðlar að þverfaglegu samstarfi þeirra aðila sem koma að menntun og uppeldi barna
- Tekur þátt í þróun og innleiðingu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Hefur yfirsýn yfir verkefni og stuðning skólaþjónustu við leikskóla
- Hefur eftirlit með að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- Veitir upplýsingar um þau málefni sem undir starfssviðið heyra og tekur saman upplýsingar um lykiltölur starfseminnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í kennarafræðum ásamt framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af starfi leikskóla
- Reynsla af stefnumótun
- Farsæl reynsla af stjórnun
- Sjálfstæði, frumkvæði og framúrskarandi samskiptahæfni
- Forystuhæfni og færni til að leiða samvinnu mismunandi hópa
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig skipulega í töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2023.**
**Nánari upplýsingar um starfið veita** Linda Udengård væntanlegur sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs (linda@gardabaer.is) og Inga Þóra Þórisdóttir mannauðsstjóri (ingath@gardabaer.is)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Garðabæjar.

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.*

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

HAGVANGUR

# Ráðuneytisstjóri
## innviðaráðuneytisins




**Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra í innviðaráðuneytinu.**

Verkefni ráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, grunnskrár, húsnæðis- og mannvirkjamál og skipulagsmál. Undir ráðuneytið heyra Byggðastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Samgöngustofa, Skipulagsstofnun, Vegagerðin og Þjóðskrá Íslands.

Hlutverk ráðuneytisins er að vera leiðandi í stefnumótun og áætlanagerð, hafa eftirlit með stofnunum og eigum ríkisins, meðferð stjórnsýslukæra og rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins. Einnig er ráðuneytið í alþjóðlegu samstarfi, leggur áherslu á víðtækt samráð og upplýsingagjöf og vandaða vinnu við gerð laga og reglugerða.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn innviðaráðherra. Ráðherra setur ráðuneytisstjóra erindisbréf þar sem kveðið er á um starfssvið og starfsskyldur, sbr. 18. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Starfssvið og starfsskyldur ráðuneytisstjóra eru víðtækar og ber ráðuneytisstjóri m.a. fjárhagslega og faglega ábyrgð gagnvart ráðherra á starfsemi ráðuneytis. Þá ber ráðuneytisstjóra að veita ráðherra upplýsingar og ráðgjöf þannig að ráðherra geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun og sé vel upplýstur varðandi þau mál sem unnið er að. Ráðuneytisstjóra ber einnig að stuðla að framgangi og árangri löggjafar á málefnasviðum ráðuneytisins og að afgreiðsla mála á hverjum tíma sé fagleg. Þá ber ráðuneytisstjóra að samhæfa stefnumótun á öllum málefnasviðum ráðuneytisins, stuðla að samhentri stjórnsýslu og samræma stefnu og aðgerðir ráðuneytisins við vinnu annarra ráðuneyta þegar málefni og málefnasvið skarast.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf skilyrði.
- Þekking og reynsla á málefnasviðum innviðaráðuneytisins.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Þekking og reynsla af stefnumótun.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.

Innviðaráðherra skipar í embættið frá 1. maí 2023 til fimm ára. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Upplýsingar um starfið veitir Ingilín Kristmannsdóttir skrifstofustjóri í innviðaráðuneytinu, **ingilin.kristmannsdottir@irn.is** s. **545 8200**. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi með upplýsingum um ástæðu umsóknar og þann árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist embættinu. Hæfnisnefnd skipuð af innviðaráðherra metur hæfni umsækjenda samkvæmt reglum nr. 393/2012.

Umsókn skal skila rafrænt á **starfatorg.is** eigi síðar en **31. janúar 2023**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

Fjarskiptastofa

**Hlutverk Fjarskiptastofu er að stuðla að netöryggi ásamt hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri fjarskiptaþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Hjá Fjarskiptastofu starfa um 40 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn verkefna á sviði netöryggis, tæknimála, viðskipta og laga sem tengjast hlutverki stofnunarinnar.**

# Verkefnastjóri á innviðasvið Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa óskar eftir að ráða í stöðu verkefnastjóra fjarskiptainnviðasviðs. Verkefnastjóri innviðasviðs hefur það hlutverk að stýra stærri verkefnum sviðsins og er um leið faglegur leiðtogi verkefnahópsins.
Innviðasvið Fjarskiptastofu ber ábyrgð á kortlagningu og greiningum á núverandi og fyrirhuguðum innviðum fjarskipta ásamt tengdum innviðum og stuðlar að uppbyggingu innviða í samstarfi við stjórnvöld og markaðsaðila. Innviðasvið stýrir skipulagi auðlinda fjarskipta (tíðna og númera) og úthlutar heimildum fyrir þær auðlindir.
Einnig viðhefur sviðið eftirlit með ljósvakanum sem felur í sér mælingar, viðbragð og úrvinnslu truflana.
Verkefnastjóri stýrir verkefnum sem snúa að hlutverki sviðsins, þróun á starfsemi sviðsins og nýsköpun á fagsviðinu, hvort sem er innan Fjarskiptastofu eða með samstarfsaðilum.
Meðal mikilvægra verkefna er aðkoma að því að efla starfsemi innviðasviðs varðandi fjarskiptanet, þróun þeirra, öryggi, áfallaþol og uppbyggingu ásamt því að vinna að því að móta samstarf og samvinnu á fjarskiptamarkaði um uppbyggingu fjarskiptainnviða.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Taka virkan þátt í að efla starfsemi innviðasviðs varðandi fjarskiptanet, kortlagningu þeirra, öryggi, áfallaþol og uppbyggingu
- Koma að því að móta samstarf og samvinnu á fjarskiptamarkaði
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um uppbyggingu fjarskiptainnviða
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi fjarskiptanet og uppbyggingu þeirra
- Vinna náið með sviðsstjóra að því að innviðasvið framfylgi markmiðum og stefnu varðandi þróun fjarskiptaneta landsins

**Hæfnikröfur**
- Háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði
- Brennandi áhugi á fjarskiptatækni, nýsköpun og tækniþróun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af vinnu tengdum fjarskiptanetum
- Það að hafa gott vald á íslensku og ensku, og búa yfir ríkulegri samskiptafærni meðal annars að geta miðlað tæknilegum upplýsingum.
- Samstarfshæfni, jákvætt viðhorf og eiga auðvelt með að vinna í hóp.
- Hæfni til ákvarðanatöku við flóknar og krefjandi aðstæður

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Fjarskiptastofa leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.
Krafist verður sakavottorðs. Við ráðningu þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2023.**
Fjarskiptastofa lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Sótt er um starfið á www.starfatorg.is   Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorleifur Jónasson, sviðsstjóri, thorleifur@fjarskiptastofa.is

STARF

# Skelltu þér í rekstur og viðhald með okkur!

Við leitum að liðsauka í öflugt teymi starfsfólks okkar á Þjórsár- og Tungnaársvæði, þar sem við rekum 7 vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur.

Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á rafbúnaði.

**Hæfni og þekking:**
– Menntun á rafmagnssviði
– Þekking á viðhaldi búnaðar; raf- véla- og vökvakerfa
– Þekking á loftkerfum, teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
– Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfi
– Góð tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar**

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Landsvirkjun






For more information go to **controlant.com/careers**

Controlant




ARKÍS arkitektar er framsækin arkitektastofa á sviði byggingarlistar, hönnunar og skipulags. Frá stofnun, árið 1997, hefur ARKÍS starfað bæði innanlands og á alþjóðamarkaði og unnið að fjölbreytilegum verkefnum fyrir einkaaðila og opinberar stofnanir.

Í dag starfa 40 starfsmenn hjá fyrirtækinu bæði í Kópavogi og á Selfossi.

Þá er fyrirtækið vottað samkvæmt ISO 9001:2015 og ISO 14001:2015 ásamt því að vera með jafnlaunavottun ÍST-85.

ARKÍS starfar eftir þeirri meginhugsun að öll hönnun mannvirkja snúist um að skapa umhverfi og aðstæður sem auka lífsgæði. Þá skuldbindur ARKÍS sig til að stuðla að sjálfbærni byggðar.

www.ark.is

Vegna aukinna verkefna leitum við að arkitektum til þess að verða hluti af þverfaglegu teymi ARKÍS arkitekta.

Framundan eru mörg spennandi verkefni jafnt á Íslandi sem erlendis og því um skemmtileg og gefandi atvinnutækifæri að ræða.

Við leitum að arkitektum með nokkurra ára reynslu og gott vald á flestum þáttum arkitektahönnunar. Rík áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð en jafnframt áhersla á að geta unnið vel í teymi. Þá er góð reynsla af Revit mikill kostur.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað til ARKÍS arkitekta ehf. með tölvupósti á netfangið arkis@ark.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir skulu berast fyrir 23. janúar.

ARKÍS arkitektar





Erum við að leita **að þér?**


STARF

# Þú, rafbúnaður og vatnsaflsstöðvar. Slegið?

Við leitum að öflugum og reynslumiklum sérfræðingi til að hafa yfirsýn yfir og þekkingu á vélbúnaði í vatnsaflsstöðvum okkar. Starfsstöð er í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Afla þekkingar á rafbúnaði orkuvirkja, þ.m.t. aflstöðva
- Aðstoða við eignastýringu
- Aðstoða við bilanagreiningu, viðgerðir og viðhald
- Aðstoða við val á búnaði og endurnýjun
- Þróa þekkingu og hæfni á rafbúnaði hjá starfsfólki

**Hæfni:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, rafmagnsverkfræði er æskileg
- Umtalsverð reynsla af tengdum störfum er æskileg
- Mikil samskiptafærni, jákvætt hugarfar og metnaður til að vera hluti af orkumiklu teymi
- Sjálfstæði, skipulagsfærni og lausnamiðuð hugsun

**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar**
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns, víða um land. Fyrirtækið hefur metnaðarfulla jafnréttis- og mannauðsstefnu, hugar að vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að viðhalda orkumikilli fyrirtækjamenningu.

Landsvirkjun



## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Sjálandsskóli**
- Íslenskukennari
- Umsjónarmaður frístundheimilis

**Urriðaholtsskóli**
- Atferlisþjálfi
- Deildarstjóri á leikskólastigi
- Leikskólakennari
- Skólaliði
- Þroskaþjálfi

**Leikskólinn Sunnuhvoll**
- Leikskólakennari

**Frístundaklúbburinn Garðahraun**
- Stuðningsfulltrúar

**Krókamýri – heimili fatlaðs fólks**
- Starfsmenn

**Fjölskyldusvið**
- Starf á heimili ungrar konu

**Hönnunarsafn Íslands**
- Sérfræðingur

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

GARÐABÆR
gardabaer.is

# Óskum eftir fagstjóra til starfa í Neskaupstað

matís

Matís óskar eftir að ráða fagstjóra í 100% starf á starfstöð Matís í Múlanum í Neskaupstað. Starfsemin er tvíþætt og skiptist í þjónustumælingar (örveru- og efna) og þróunar- og rannsóknastörf. Starfstöðin hefur yfir að ráða öflugu lífmassaveri sem er notað við rannsóknavinnu og til að þjónusta matvæla- og líftækniiðnað landsins.

Matís er leiðandi á sviði matvælarannsókna og líftækni. Hjá okkur starfar kraftmikill hópur sem brennur fyrir því að finna nýjar leiðir til að hámarka nýtingu hráefnis, auka sjálfbærni og efla lýðheilsu og matvælaöryggi.

Öll kyn eru hvött til að sækja um. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá auk símanúmers eða tölvupóstfangs hjá meðmælenda.

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2023**

**Starfssvið**
- Öflun viðskiptavina, samskipti við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög
- Rekstrarleg ábyrgð á starfsstöðinni í Neskaupstað
- Mótun stefnu starfsstöðvarinnar og lífmassavers í Neskaupstað
- Verkefnaöflun
- Skipulagning, forgangsröðun og samhæfing verkefna og mælinga
- Umsjón með starfsmannamálum á starfsstöð

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður
- Reynsla af mælingum, öflun og stjórnun rannsóknaverkefna er æskileg

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Guðmundur Stefánsson, fagsviðsstjóri netfang gst@matis.is, sími 422 5048

Sótt er um starfið á
matis.is/atvinna-i-bodi/

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta
Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



# Ráðgjafi tengiliða leikskóla á menntasviði Kópavogsbæjar

Í Kópavogi eru 21 leikskóli með u.þ.b. 2100 börn og um 700 starfsmenn í um 550 stöðugildum. Kópavogsbær er barnvænt og heilsueflandi sveitarfélag þar sem leikskólarnir vinna að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu sínu starfi. Starf leikskóla Kópavogs einkennist af faglegum metnaði þar sem lögð er áhersla á skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi barna og starfsmanna.
Mikilvægt er að ráðgjafi tengiliða leikskóla sé jákvæður og uppbyggjandi í samskiptum, hafi ríkan vilja til að ná árangri og brennandi áhuga á þróun samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna. Ráðgjafi tengiliða annast faglega ráðgjöf til tengiliða í leikskólum. Hann aðstoðar þá við að mæta þörfum barna og fjölskyldna og samþætta þjónustu innan og utan leikskólans með árangursríkum hætti.

**Helstu verkefni**

- Veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna á 1., 2. og 3. stigi þjónustu til tengiliða leikskóla og eftir atvikum til foreldra, forráðamanna, annarra aðila og stofnana í sveitarfélaginu.
- Aðstoðar tengiliði við að finna leiðir til að mæta þörfum barna og fjölskyldna og samþætta þjónustu innan og utan leikskólans með árangursríkum hætti.
- Miðlar til starfsmanna leikskóla nýjungum varðandi samþætta þjónustu og skipuleggur fræðslu.
- Styður tengiliði leikskóla í hlutverki sínu og tekur þátt í innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hjá Kópavogsbæ.
- Stuðlar að og styður samstarf í einstökum málum og samstarfsverkefnum á milli deilda og sviða með það að markmiði að tryggja samþættingu þjónustu og snemmtækan stuðning.
- Skipuleggur ásamt sérkennslustjóra og hefur umsjón með fundum með starfsmönnum leikskóla.
- Safnar og miðlar tölfræðilegum upplýsingum sem snúa að samþættri þjónustu.
- Hefur samstarf við þá aðila er þurfa þykir varðandi innleiðingu samþættrar þjónustu í leikskólum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun.
- Framhaldsmenntun (Diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum, skipulagsfærni og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Færni til að tjá sig skipulega, bæði í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2023.**
**Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar https://kopavogur.alfred.is/**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



## Vefstjóri á samskiptadeild

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Vegagerðin leitar að framsýnum og útsjónarsömum einstaklingi í hlutverk vefstjóra. Um nýtt starf er að ræða.**

Vegagerðin heldur úti öflugum ytri og innri vefjum. Ytri vefur samanstendur af umferdin.is, sjolag.is og vegagerdin.is auk vefja á ensku sem allir eru mikilvægir fyrir öryggi vegfarenda á sjó og landi. Vefstjóri mun m.a. hafa umsjón með ritstýringu efnis og veftækni.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

